

VINNUMARKAÐURINN Á ÍSLANDI

Yfirlit, horfur og þjónusta Vinnumálastofnunar – september 2023

Skráð atvinnuleysi í september var 3,0%

Skráð atvinnuleysi í september var 3,0% og hækkaði úr 2,9% í ágúst. Í september 2022 var atvinnuleysið hins vegar 3,2%.

Að meðaltali voru 5.734 atvinnulausir í september, 3.175 karlar og 2.559 konur. Að meðaltali fækkaði atvinnulausum um 29 frá ágúst.

Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum í september eða 4,2% og hækkaði úr 3,9% frá ágúst.

Minnst var atvinnuleysi á Norðurlandi vestra 0,6%, á Austurlandi 1,3% og 1,7% á Vesturlandi.

Alls komu inn 268 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun hjá Vinnumálastofnun í september.


Alls voru 3.056 erlendir atvinnuleitendur án atvinnu í lok september og fjölgaði um 160 frá ágúst.

Í september voru 299 einstaklingar á ráðningarstyrk innan fyrirtækja eða stofnana og níu einstaklingar voru á nýsköpunarstyrk.

Í september 2023 gaf Vinnumálastofnun út 279 atvinnuleyfi til erlendra ríkisborgara til að starfa hér á landi þar af 221 á höfuðborgarsvæðinu.

Vinnumálastofnun spáir því að atvinnuleysi muni lítið breytast í október og gæti orðið á bilinu 2,9% til 3,2%.

Þróun atvinnuleysis frá september 2021 til september 2023




Atvinnuástand eftir landshlutum

Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum í september eða 4,2% og hækkaði úr 3,9% frá ágúst. Næst mest var atvinnuleysið 3,3% á höfuðborgarsvæðinu í september og hélst það óbreytt frá ágúst. Atvinnuleysi var 2,4% á landsbyggðinni í september og hækkaði úr 2,3% frá ágúst. Á flestum stöðum á landsbyggðinni hækkaði atvinnuleysi frá ágúst nema á Vesturlandi þar sem það fór úr 1,8% í 1,7%.

Minnst var atvinnuleysi á Norðurlandi vestra 0,6%, á Austurlandi 1,3% og 1,7% á Vesturlandi.

Á meðfylgjandi mynd má sjá atvinnuleysi eftir landshlutum í ágúst og september.


Atvinnuleysi eftir landshlutum



Atvinnuleysi var lægra meðal karla en kvenna á þremur svæðum, það er á Suðurlandi þar sem atvinnuleysi karla var 2,3% og 2,5% meðal kvenna, á Austurlandi þar sem atvinnuleysi karla var 1,1% og 1,4% meðal kvenna og á Suðurnesjum þar sem atvinnuleysi karla var 3,9% og 4,7% meðal kvenna.

Á meðfylgjandi mynd má sjá atvinnuleysi eftir kyni og landshlutum í september.

Atvinnuleysi eftir kyni og landshlutum



Greining atvinnuleysis

Greining þeirra sem voru atvinnulaus í lok mánaðar

Atvinnulausir voru 6.035 í lok september, 3.293 karl og 2.742 konur og fjölgaði atvinnulausum körlum um 102 frá septemberlokum en atvinnulausum konum fækkaði um eina.

Alls var 551 atvinnuleitandi á aldrinum 18-24 ára án atvinnu í lok september og fjölgaði um 26 frá ágúst.

Alls höfðu 1.159 verið án atvinnu í meira en 12 mánuði í lok september 2023 og fækkaði um 67 frá ágúst. Í september 2022 var fjöldi þeirra hins vegar 2.046 og nemur fækkunin 887 á milli ára.

Þeir sem höfðu verið atvinnulausir í 6-12 mánuði voru hins vegar 1.469 í september síðastliðnum en voru 1.566 í september 2022.



Atvinnugreinar

Atvinnulausum fækkaði lítillega í lok september í nokkrum greinum, mest var fækkunin í upplýsingatækni og útgáfu og opinberri þjónustu, þ.e. fræðslu, heilbrigðis- og félagsþjónustu. Atvinnulausum fjölgaði mest í ýmiss konar ferðapjónustu.

Flestir atvinnuleitendur með erlendan ríkisborgararétt komu frá Póllandi eða 1.354 sem er um 44% allra erlendra ríkisborgara á atvinnuleysisrá. Því næst koma Litháar, Rúmenar og Lettar.

Fjöldi atvinnulausra erlendra ríkisborgara skipt eftir þjóðerni í lok september 2023

Atvinnulausir eftir atvinnugreinum




Atvinnuleyfi, erlend þjónustufyrirtæki og starfsmannaleyfi

Atvinnulausir erlendir ríkisborgarar

Alls voru 3.056 erlendir atvinnuleitendur án atvinnu í lok september og fjölgaði um 160 frá ágúst. Hlutfall erlendra ríkisborgara á atvinnuleysisrá var um 51% í lok september.


Atvinnuleyfi

Í september 2023 gaf Vinnumálastofnun út 279 atvinnuleyfi til erlendra ríkisborgara til að starfa hér á landi þar af 221 á höfuðborgarsvæðinu. Af útgefnum leyfum voru 139 til nýrra erlendra ríkisborgara á íslenskum vinnumarkaði og 140 leyfi voru framlengt.




Flestir sem fengu útgefið atvinnuleyfi í september, hvort sem það var nýtt eða framlengt, fengu leyfi vegna sérfræðiþekkingar eða 98 leyfi. Þá voru gefin út 54 námsmannaleyfi og 37 leyfi vegna skorts á vinnuafli. Þegar atvinnuleyfi eru skoðuð eftir starfsgreinum í september voru flest leyfi gefin út vegna starfa stjórnenda, sérfræðinga og sérmenntaðra eða 40%, 21% vegna starfa sérhæfðs iðnverkafélks og 15% vegna þjónustustarfa. Um 24% var í öðrum starfsgreinum.

Ný atvinnuleyfi eftir tegund í september 2023



Útgefin U2 vottorð vegna atvinnuleitar í öðru EES ríki, september 2023



Erlend þjónustufyrirtæki og starfsmannaleigur

Samkvæmt skráningu til Vinnumálastofnunar voru 63 erlend þjónustufyrirtæki starfandi í september 2023 með samtals 489 starfsmenn.

Þá voru starfsmenn starfsmannaleiga, innlendra og erlendra samtals 688 í september á vegum 23 starfsmannaleiga. Flestir starfsmenn starfsmannaleiga komu frá Póllandi eða 46%, 19% frá Litháen og 16% frá Lettlandi. Þeir sem eftir standa eða um 19% starfsmanna komu frá 16 öðrum ríkjum.

Atvinnuleit og vinnumiðlun

Flutningur atvinnuleysis-tryggingaréttinda milli Íslands og EES-ríkja


Atvinnuleitendur á Íslandi hafa þann möguleika að geta farið í atvinnuleit innan annars EES-ríkis í allt að þrjú mánuði og halda atvinnuleysisbótum sínum fái þeir útgefið svokallað U2 vottorð sem Vinnumálastofnun hefur umsýslu með. Í september 2023 voru gefin út 52 vottorð til einstaklinga sem fóru í atvinnuleit til Evrópu. Flestir fóru í atvinnuleit til Póllands eða 33 einstaklingar. Fimm fóru til Spánnar, þrjár til Lettlands og eins þrjár til Litháen. Þá voru gefin út átta vottorð til viðbótar til sex annarra ríkja.

Vinnumiðlun

Auglýst störf í vinnumiðlun

Alls komu inn 268 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun hjá Vinnumálastofnun í september. Flest auglýstra starfa voru vegna ráðningarstyrkja eða um 119 störf, önnur teljast almenn störf. Um það bil 47% starfanna eru á höfuðborgarsvæðinu, 19% á Suðurlandi og 9% á Norðurlandi eystra. Þá eru 25% annarsstaðar á landinu.

Fjöldi auglýstra starfa eftir landshlutum í september 2023



Þátttaka í vinnumarkaðsúrræðum

Atvinnuleitendum stendur til boða að taka þátt í þjálfun og nýsköpun og fara af skrá í allt að sex mánuði á meðan á úrræðinu stendur. Í september voru 299 einstaklingar á ráðningarstyrk innan fyrirtækja eða stofnana og níu einstaklingar voru á nýsköpunarstyrk, flestir á höfuðborgarsvæðinu eða 194 einstaklingar.

Ítarlegri upplýsingar um atvinnuleysi og þróun þess má finna á vefsíðu okkar:

Mælaborðið sýnir atvinnuleysistölu út frá ýmsum þáttum 5 ár aftur í tímann, þar sem sjá má á myndrænan hátt samanburð eftir bakgrunni s.s. kyni, aldri og sveitarfélögum.

Excelskjöl með tölulegum upplýsingum ítarlega brotið niður eftir bakgrunnspáttum.